

Föstudaginn 31. janúar 1941.

Nr. 94/1940. Þórður Einarsson f. h. Haraldsens, Fuglefjord, Færeyjum (Pétur Magnússon)
gegn

Bæjarstjóra Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs
(Kristján Guðlaugsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Jónas Thoroddsen, bæjarfogeti í Neskaupstað.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. október f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð verði úr gildi felld og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar úrskurðarins og lögtaksgerðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem leitt hefur verið í ljós hér fyrir dómi, tóku þeir menn í Neskaupstað á leigu af áfrýjanda skip hans „Kyrjasteinur“ yfir síldveiðitímann 1940. Var leigugreiðslan fast ákveðin 12 þús. danskar krónur. Enn fremur var það sammæli nefndra manna, að skip áfrýjanda „Boðasteinur“ skyldi gert út frá Neskaupstað til síldveiða um greint tímabil undir umráðum sömu þriggja manna og með þeim kjörum, að áfrýjandi fengi 55% af veiði skipsins, en bæri kostnað af fæði skipverja, og skyldi aflahlut þeirra taka af þeirri veiði, er í hlut áfrýjanda félli. Þrimenningararnir skyldu hins vegar hljóta 45% af veiðinni og bera kostnað af oliu og kolnotkun skipsins, greiða hafnargjöld og önnur útgjöld á Íslandi og sjá fyrir veiðarfærum og viðhaldi þeirra. Þeir skyldu annast sölu aflans á Íslandi og ábyrgjast áfrýjanda 14 króna lágmarksverð fyrir hvert 135 kg. síldarmál.

Hér fyrir dómi hefur af hendi stefnda verið frá því skýrt, að niðurjöfnunarnefnd Neskaupstaðar lýsi útsvarið lagt á „útsvarsskyldan rekstur Haraldsens“. Nú verður áfrýjandi

samkvæmt því, sem greint hefur verið um útgerð skipsins „Kyrjasteinur“, ekki krafinn um útsvar af því, og með því enn fremur, að óupplýst er, hvort útsvarsálagningin hefur einnig tekið til þessa skips og áfrýjandi þannig krafinn um útsvar af óútsvarshæfum gjaldstofni, þá verður þegar af þeirri ástæðu að fella hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgerð úr gildi.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiða áfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, bæjarstjóri Neskaupstaðar f. h. bæjarstjóðs, greiði áfrýjanda, Þórði Einarssyni f. h. Haraldsens, Fuglefjord, Færeyjum, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Neskaupstaðar 26. sept. 1940.

Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Neskaupstaðar þriðjudaginn 24. september s. l. Í réttinum var þá mættur Jón Sigfússon bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Neskaupstaðar og fyrir hönd gerðarþola Þórður Einarsson framkvæmdarstjóri.

Jón Sigfússon bæjarstjóri hefur fyrir hönd bæjarsjóðs Neskaupstaðar krafizt lögtaks fyrir ógreiddu útsvari hjá Haraldsen Fugla-firði, Færeyjum, að upphæð kr. 6000.00, auk kostnaðar, en umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi gerðarinnar, og hafa báðir aðiljarnir lagt ágreininginn undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarbeiðandi hefur undir rekstri málsins og í lögtaksbeiðni gert þær réttarkröfur, að lögtak verði látið fram fara hjá gerðarþola í inneign hans hjá síldarútgerðarfélagi Þórðar Einarssonar, Jóhanns Magnússonar og Hannesar Jónssonar fyrir útsvarskröfu, að upphæð kr. 6000.00, auk kostnaðar. Getur gerðarbeiðandi þess, að útsvarið sé á lagt samkvæmt lögum nr. 106/1936, 6. gr. B, og hafi það fallið í gjalddaga 30. ágúst s. l. samkvæmt 27. gr. sömu laga.

Umboðsmaður gerðarþola hefur hins vegar neitað að greiða nefnda útsvarskröfu, þar eð hann telur, að gerðarþoli sé ekki útsvarsskyldur hér, þar eð hann geti ekki talizt atvinnurekandi hér á landi. Hafi gerðarþoli einungis leigt skip sitt „Boðasteinur“ hingað upp á prósentur af brúttóafla, 55%, og greitt mannakaup skips-

hafnar þar af. En skipið „Kyrjasteinur“ hafi gerðarþoli leigt hingað fyrir fast ákveðið verð, kr. 12000.00, auk annarra kvaða.

Rétturinn lítur svo á, að gerðarþoli hafi með leigusamningi á skipinu „Boðasteinur“, þar sem hann leigir það hingað, með manna-kaupi, fyrir ákveðnar prósentur af brúttóafli skipsins, gerzt þátt-takandi í atvinnurekstri skipsins, þar eð áhætta og gróðavon atvinnurekstrarins skiptir hann öllu máli, hvað leigunni við kemur, þannig að hagsmunir hans eru einungis bundnir við rekstur skipsins hér á landi. Verður því rétturinn að álita, að gerðarþoli hafi haft útsvarsskyldan atvinnurekstur hér á landi, sem heimfæra megi undir 6. gr. B laga nr. 106/1936.

Hvað aftur á móti hinu skipinu, „Kyrjasteinur“, viðvikur, þá álitur rétturinn, að gerðarþoli hafi ekki útsvarsskyldan atvinnurekstur hér, hvað því viðvikur, þar eð það er leigt hingað fyrir fastákveðið verð.

Samkvæmt áður sögðum skilningi á leigusamningi gerðarþola viðvikjandi „Boðasteinur“, þá álitur rétturinn, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur hér á landi samkvæmt lögum nr. 106/1936 6. gr. B. Aftur á móti er það ekki upplýst, hve mikill hluti útsvarsins sé vegna þessa skips, en þar eð það er ekki á valdi dómstóla að ákveða útsvarsupphæðir, þá ályktar rétturinn að láta umbeðið lögtak fram fara fyrir allri útsvarsupphæðinni, auk kostnaðar.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögtaksgerð hjá Haraldsen, Fuglafirði Færeyjum, í inneign hans hjá sildarútgerðarfélagi Þórðar Einarssonar, Jóhanns Magnússonar og Hannesar Jónssonar, fyrir kr. 6000.00, auk kostnaðar, á fram að ganga.

Föstudaginn 31. janúar 1941.

Nr. 47/1940. **Bjarni Jón Marías Þorsteinsson**
 gegn
Vilborgu Ingimundardóttur

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni Jón Marías Þorsteinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.